

Ályktun 42. þings BSRB um fræðslumál

Aldrei er eins mikilvægt að standa vörð um menntun þjóðarinnar en á tímum efnahagslegra hremminga eins og þjóðin stendur frammi fyrir nú. Í menntuninni felast tækifæri til að þjóðin vinni sig út úr erfiðleikunum og byggi hér upp kröftugt og skapandi samfélag. Ríki og sveitarfélög verða því að fara varlega í sakirnar í að skera niður framlög til menntakerfisins. Sparnaðurinn má síst af öllu bitna á þeim sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda við námið. Samtímis þarf að gera þá kröfu að fjármunum sem veitt er í þennan málaflokk sé ráðstafað skynsamlega og að ítrasta aðhalds sé gætt af skólayfirvöldum. Stofnun nýrra einkarekinna skólastofnana sem sækja fjármagn til opinberra aðila á tímum niðurskurðar hjá almenna skólakerfinu samræmist ekki skynsamri nýtingu á því takmarkaða fjármagni sem fyrir hendi er.

BSRB lítur á það sem grundvallar mannréttindi að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms. Bandalagið leggst því alfarið gegn því að skólagjöld séu lögð á í opinberum námsstofnunum til að mæta efnahagsþrengingunum.

BSRB bendir á mikilvægi þess að sí- og endurmenntun verði efl. Ein alvarlegasta afleiðing hrunsins er langtíma atvinnuleysi. Sí- og endurmenntun gegnir mikilvægu hlutverki í að endurhæfa fólk svo það geti leitað á ný mið á vinnumarkaðnum. Símenntunarmiðstöðvar um allt land hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að færa aukna menntun til launafólks og eftir hrunið hefur starf þeirra skilað fjölmörgum aftur út á vinnumarkaðinn. Fjármunum sem veitt er til þessa starfs er því mjög vel varið.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í fræðslumálum:

- Að skólastarf sé lagað að þörfum allra og að nám verði einstaklingsmiðað eins og námskrá grunnskóla kveður á um.
- Að skólamáltíðir verði gjaldfrjálssar í grunnskólum.
- Að aukin áhersla verði lögð á fræðslu og forvarnir gegn vímuefnum.
- Mikilvægt er að unnið sé gegn ofbeldi á öllum sviðum innan skólakerfisins og að stuðlað sé að góðum samskiptum og virðingu gagnvart meðborgurinum.
- Að raunfærni einstaklingsins verði metin til formlegs náms.
- Að leitað verði leiða til að koma til móts við ungt fólk sem rekst illa á í hinu hefðbundna skólakerfi.
- BSRB verði í fararbroddi við gerð fræðsluefnis fyrir ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.